

Ed.

592. Frumvarp til laga

[182. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að eigandi að skipi, sem veðsett er stofnlánadeildinni, hefur þörf fyrir og á kost á láni til þess að standast kostnað við endurbætur á skipinu, þá er stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita leyfi til þess, að veðsetja megi skipið með fyrsta veðrétti fyrir slíku láni, er nemi allt að $\frac{2}{3}$ virðingarverðs endurbótanna og kaupverðs aflvélar, ef um vélaskipti er að ræða. Vikur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggja einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, fyrir því, að veðin færast þannig aftur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 121 20. des. 1951, um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni sjávarútvegsmálaráðherra, og fylgir því svofelld greinargerð frá hans hendi:

Með breytingu, sem gerð var á lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins 1951, var svo ákveðið, að þegar setja þyrfti nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeildinni, þá heimilast stjórn stofnlánadeildarinnar að veita veðleyfi til þess, að veðsetja megi skipið ásamt hinnu nýju vél með fyrsta veðrétti og veita þá lán stofnlánadeildarinnar fyrir hinu nýja láni.

Nú hefur reynslan sýnt, að mikil þörf er á, að heimild þessi nái einnig til lána, er varið er til að standast kostnað við aðrar endurbætur á fiskiskipum. Til þess að bæta úr þeirri þörf er frumvarp þetta flutt. Enn fremur eru úr gildi felld lög nr. 121 20. des. 1951, þar sem hér er um að ræða breytingu á málsgrein, sem með þeim var bætt við 3. gr. stofnlánadeildarlaganna.